



Ræða flutt í hófi til heiðurs Davíð Stefánssyni á 60 ára afmæli hans, 1955.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Davíð Stefánsson – Skáldskapur – Rekstrarreikningar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965
Askja 4-2, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rota í höfi, sem Þauv. Stef. var haldit
hl. hirturs á sextupapnuhi hvars.

L-
Lesbik Mbl.
1955, bls. 46-47.

Egill Skallagrímsson, hinn fyrsti
af stórkáldum Íslands, sagði skáldgáfu sína
vera "íþrótt vammi firða".

Pessari íþrótt beitti hann til að
kveða burt sorg og hugarangur, þegar raunir
heimsins voru að því komnar að yfirþyrma hann.
Með svipuðum hætti má segja, að skáldskapurinn
hafi verið íslenzku þjóðinni raunaléttir á löng-
um öðrum einangrunar og niðurlægingar. Vegna ytri
aðstæðna var það og þá svo, að ~~einu~~ ^{hakka} tilbrigðin
frá daglegu striti voru þau, að menn iökuðu orðs-
ins list og þá einkum ljóðagerð. Að þeirri íþrótt
beindist megin andans-kraftur þjóðarinnar.

Því miður er íslenzkri ljóðlist svo
varið, að fáir aðrir en sjálfir við getum notið
hennar, enda verða þýðingar á verkum, þar sem orð-
in sjálf, rím þeirra og hrynjandi ráða jafn miklu
býsna bragðaufar. Samanburður við skáld annarra
þjóða í þessum eftum verður því erfiður, en nær
er mér að halda, að leitun sé á þeim Íslending,
er efist um, að beztu ljóðaskáld okkar skari fram
úr skáldum annarra þjóða.

A síðustu áratugum hafa viðfangsefni
þjóðarinnar orðið viðtækari en fyrr. Öllum gðóum
Íslendingum er það gleðiefni, að í þeim höfum
við með margvislegu móti sýnt, að við sündum

annarra þjóða mönnum fyllilega á spørði. Hins vegar hefur því heyrzt fleygt, að sjálfri ljóðalistinni, sem var höfuðviðfangsefni margra helzta andens manna okkar um langan aldur, væri nú ekki sinnt sem áður.

Samanburður'a milli skálda á ólíkum tímum er erfiður og sannarlega ekki á mínu færi, enda hefur reynslan sýnt, að eftirtíminn lítur oft tölувert öðrum augum en samtíðin á þessi sem önnur mannanna verk. Þó hygg ég, að enginn ágreiningur geti verið um, að meðan að uppi er skáld á borð við Davíð Stefánsson, þá eigi Íslendingar ekki aðeins frambærileg skáld, heldur stórkáld, sem eru örugg sönnun þess, að ljóðlistin á enn ágæta iökendur hér á landi. Þeir, sem aðrar listgreinar stunda, eiga raunar hægara með að bera hróður okkar út um heim, og hefur þó hið ljóðræna leikrit Gullna hliðið farið í þeim efnum fram úr flestum öðrum íslenzkum listaverkum. En Davíð er ekki fyrst og fremst fulltrúi Íslands út á við. Mikilsverðast er, að hann heldur uppi hróðri nútímans gagnvart fortíð okkar. Hann sýnir, að enn kunna Íslendingar að beita þeiri íþrótt, er Egill Skallagrímsson hof til vefs á landi hér.

sjálfra

Yrkisefnin eru að vísu ólík hjá þeim Agli og Davíð. Útpráin og löngunin til glæstra æfintýra er þó báðum í blöð borin og Davíð hefði getað tekið undir fögnum Egils, er hann kvað:

"Þat mælti mín móðir,
at mér skyldi kaupa,
fley og fagnar árar",

og hann hefði eflaust fengizt til þess *i huganum*

"að standa uppi í stafni
ok stýra dýrum knerrri".

Hugmyndirnar um það, hvar leitað skuli hafnar
og hverra erinda eru hins vegar harla ólíkar,
enda er Davíð óneitanlega í við mildari í skapi
en Egill, sem taldi það hið mesta tilhlökkunar-
efni að mega "höggva mann og annan".

Andúð Davíðs á vígaferlum er alkunn
og ekki ~~er mér vifð~~, að hann hafi í ljóði vegið
~~samfesta~~ ~~Linnunum~~
að nokkrum manni ~~né~~ reist honum niðsöng með kveð-
skap sínum. Enda hefur hann sloppið við þau örlög
Egils að þurfa að yrkja lofkvaði um Eirík blóðök
sér til höfuðlausnar.

Davíð hefur getað sint *hungensmari* eftum
og kveðið um ástir og æfintýri með þeim hætti, að
fá skáld eru ungmejjum og elskendum hugstæðari en
hann.

Hann hefur orkt um ýms dagleg störf svo,
að hann hefur hafið þau til æðri vegs í ~~þing~~ ~~vitund~~ bjóðar-
innar um leið og hann hefur gert list sína almenningi
auðskildari og hjartfólgarnar. Jafnvel blesstuðum
mjólkurkúnum hefur hann ekki gleymt, og minnir
okkur á, "að bránnandi þorsta slekkur eitt mjólkur-
mál", og er þó ekki vist, að honum hafi ~~at~~ ~~þótt~~ þótt
~~hún~~ ~~nogu~~ kröftugur drykkur, því að í sömu andrá
segir hann, að "úr moldinni vaxa grösin græn og
ung - sum geta orðið að mjólk, önnur að vínum".

En þó Davíð hafi kveðið vel um mannlegt
líf, gleði þess og sorgir, daglegt erfiði og fjar-

læg æfintýri þá hefur hann á þessari efnis-hyggjunnar öld ekki einungis orkt um verald-lega hluti. Hann hefur sannarlega ekki gleymt
heim hinum

"mikla, eilífa anda,
sem í öllu og alls staðar býr".

Af virðingu fyrir gáfunni, sem þessi andi hefur gefið honum, hefur Davíð gátt þess að láta íþrótt sína ætið vera vammi firða. Sú ~~sem þessi andi hefur gefið honum~~ gáfa er svo mikil og Davíð hefur beitt henni þannig þjóðinni til gagns og gleði óg aukins skilnings á sjálfri sér, að ekki aðeins hefur enst, svo sem við vitum, til að varpa ljóma yfir nafn hans í hugum núlifandi Íslendinga, heldur trúum við því, að svo verði langt fram í aldir og Davíð Stefánsson verði ætið talinn meðal fremstu ljóðskálda Íslands. Það er sannfæring okkar, að Davíð hafi með verkum sínum unnið sér dvöl á ódáinsakri með örðrum höfuðskáldum Íslendinga, ~~þeim skáldum svo ólik sem þau eru~~ allt frá Agli Skallagrímssyni til Einars Benedikts-sonar. Veit eg, að Davíð muni á sínum tíma una sér vel í þeim hóp, en þó vonum við, að sem lengst megi líða þar til hann hverfur þangað, að hann eigi enn langa og farsælt ~~með~~ framundan ~~okkar~~

~~meðal á þessu~~ hverfula, tilbreytingarsama jarðlifi, ~~þeim þó a. m. p. það tilbreyti setis, að~~ sem ~~þefur þeitíð það til síns ágatis, að mikil skáldskortir hér aldrei yrkisefni.~~ samkvæmt því að við eru vitnar, ~~það er miðblundur skáldskorti fljótt yrkisefnina döölun bandar, það er óllna tilbreyti að yrkis-efnin fólk er meðan hér var að megin en bandar við Gullna blíði.~~

~~hefur fó a. m. k. fó~~
~~sem til aðat: að veita~~
~~skáldumum fjölbreythri~~
~~yrkisefni en þau eru~~
~~verið örugg um hundru~~
~~að Gullna blíði: að~~
~~þeim fólkum, sem eru~~
~~hefða fræðan horist.~~